

Þróunarsjóður grunnskóla í Garðabæ

Lokaskýrsla verkefnis 2020-2024*

Réttindasmiðjan – réttindafræðsla fyrir miðstig grunnskóla

Þróun og útgáfa námsefnis

Markmið /verkefnið í hnotskurn:

Höfundur námsefnisins, Hanna Borg Jónsdóttir, kennari í Flataskóla, Garðabæ, hefur sett saman námsefni fyrir mannréttindafræðslu fyrir nemendur á miðstigi. Efnið þróaði hún með kennslu í Flataskóla. Styrkurinn var ætlaður til þess að þróa efnið enn frekar og finna leiðir til þess að setja efnið upp og koma því í rafræna útgáfu. Markmiðið var að koma því í sem besta dreifingu þannig að það nýttist sem allra flestum. Efnið var kynnt á Menntadögum í Garðabæ árið 2020. Í efninu kemur skýrt fram að það hafi verið þróað í starfi í Flataskóla, Garðabæ og að það hafi fengið styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ.

Lýsing á efninu:

Réttindasmiðjan

Námsefni þetta hentar vel til kennslu í smiðjum fyrir nemendur á miðstigi í grunnskóla sem og fyrir almenna samfélagsgreinakennslu inni í bekkjum. Um er að ræða kennsluáætlanir fyrir 12 smiðjur. Hver smiðja er áætluð sem 80 mínútna kennslustund. Hægt er að kenna efnið í heilum bekkjum en gott er að kenna í minni hópum ef möguleiki er á því. Efnið byggir á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heims markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Efninu fylgja fylgiskjöl ef kennari kys að nota þau en reynt er að setja fram hugmyndir að fleiri útfærslum á kennslunni í öllum smiðjunum. Einnig eru tillögur að námsmatslistum ef kennarar vilja nýta sér þá.

Meginmarkmið

Meginmarkmið með námsefninu eru að nemandi:

- geri sér grein fyrir því að öll börn eru jafn mikilvæg
- kynnist réttindum sínum samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- verði færari um að setja sig í spor annarra
- geti tekið þátt í samræðu og samstarfi í jafningjahópi með því að hlusta og bera virðingu fyrir skoðunum annarra og tjá eigin skoðanir
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að virða réttindi annarra og getu sinni til að hafa góð áhrif á annað fólk
- geri sér grein fyrir eigin mikilvægi og mætti til að hafa áhrif þegar kemur að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna

Viðfangsefni smiðjunnar

- Mannréttindi og Barnasáttmálinn. Nemendur kynnast hugtakinu mannréttindi og tilgangi, tilurð

og notkun Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

- Jafnrétti er helsta þema smiðjunnar, það að öll börn eru jafn mikilvæg er undirtónn alls sem gert er. Þó að öll börn séu mismunandi skipta þau öll jafn miklu máli og hafa sömu réttindi. Nemendur fræðast um hvað jafnrétti þýðir og hvað það felur í sér.
- Nemendur fræðast um fordóma, hvernig þeir verða til og hvernig þá skuli varast ásamt því að setja sig í spor þeirra sem verða fyrir fordómum.
- Máttur menntunar. Nemendur fræðast sérstaklega um mikilvægi menntunar og hvers vegna það er mikilvægt að öll börn fái jöfn tækifæri til menntunar.
- Áhrifin mín. Annað þema sem er undirliggjandi í hverjum tíma smiðjunnar er að nemendur geri sér grein fyrir því hvernig þeir geta haft áhrif á líf sitt og annarra. Þeir sem hafa góð áhrif eru þeir sem bera virðingu fyrir réttindum annarra. Í framhaldinu er fjallað sérstaklega um hvað það þýðir að vera góð fyrirmynd.
- Nemendur kynnast réttindum sínum samkvæmt Barnasáttmálanum með því að setja þau í samhengi við ýmis verkefni. Þá eru réttindi barna sett í samhengi við ábyrgð foreldra og aðildarríkja Barnasáttmálans. Það er mikilvægt að sá sem fræðir börn um réttindi sín geri sér grein fyrir því að í Barnasáttmálanum er hvergi talað um að börn hafi skyldur en með því að fræðast um réttindi sín læra nemendur að þeim ber að virða réttindi annarra. Ákvæði sáttmálans fjalla hins vegar um skyldur aðildarríkja, foreldra og annarra umönnunaraðila til að passa uppá að réttindi barna séu virt.
- Að setja sig í spor annarra. Áhersla er lögð á að nemendur skilji hvað það þýðir að setja sig í spor annarra. Unnið er sérstakt verkefni þar sem nemendur setja sig í spor flóttabarna.
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Í smiðjunni kynnast nemendur Heimsmarkmiðunum, tilgangi þeirra, tilurð og hvernig þau virka sem ein heild. Nemendur kynnast því að það er margt sem hver og einn einstaklingur getur gert til að markmiðin náist.

Aðalnámskrá

Réttindasmiðja hentar vel til þess að takast á við verkefni sem snúa með beinum hætti að grunnþáttunum sex úr aðalnámskrá, en þeir eru: lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, læsi, heilbrigði og velferð og sköpun. Hugtakið mannréttindi er sérstaklega tekið fyrir og farið yfir réttindi barna samkvæmt Barnasáttmálanum, en réttindi barna tengjast heilbrigði og velferð með beinum hætti. Eins og áður kom fram er jafnrétti undirliggjandi þema smiðjunnar í heild þar sem haft er að leiðarljósi að allir jarðarbúar séu jafn mikilvægir. Nemendur velta fyrir sér fjölbreytileika fólks í heiminum og hvers vegna hann sé mikilvægur. Sjálfbærni er sérstakt viðfangsefni þegar kemur að umfjöllun um heimsmarkmiðin. Áhersla er lögð á lýðræðislega þátttöku barna í nærumhverfi sínu og þau hvött til að nýta sér rétt sinn og láta í ljós skoðanir sínar á málum er þau varða. Þá er sérstaklega farið yfir hvernig réttindi okkar geta takmarkast af réttindum annarra og að taka þurfi tillit til náungans. Þannig geta nemendur bætt læsi sitt á samskiptum manna og samfélaginu í heild.

Eftirfarandi hæfniviðmið er að finna í kafla aðalnámskrár um samfélagsgreinar en réttindasmiðjan byggir á þeim.

Við lok 7. bekkjar getur nemandi:

Reynsluheimur

- sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti, umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi
- lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi.
- gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.
- gert sér grein fyrir hugmyndum um sam hjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu

Hugarheimur

- tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum

Félagsheimur

- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu
- borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta
- metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausán hátt
- rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga
- tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og áttað sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn og í samstarfi við aðra
- nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra
- rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra
- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt
- sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju í öllum samskiptum

Lýsing á framgangi verkefnisins:

Styrkurinn fékkst haustið 2020. Þá var grunnur að námsefninu tilbúinn, en það hafði verið þróað í Flataskóla á skólaárunum 2018-2019 og 2019-2020. Það haustið urðu þó þær breytingar að höfundur skipti um vinnu og fór að vinna hjá UNICEF á Íslandi. Því var frekari vinnu við efnið, þróun, uppsetningu og útgáfu frestað. Höfundur hóf aftur störf sem kennari réttindasmiðju í Flataskóla haustið 2022 og sinnir því starfi enn. Þá hófst vinna við efnið á ný. Stórt skref náðist þegar útgáfusamningur við nýja stofnun, Miðstöð menntunar og skólaþjónustu náðist í byrjun árs 2024 en stofnunin sá um uppsetningu og útgáfu í náinni samvinnu við höfund. Efnið kom út 20. nóvember 2024.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun:

Styrkurinn var áætlaður í utanaðkomandi vinnu vegna uppsetningar en fer til höfundar vegna þróunar efnis og grunnvinnu við uppsetningu. Miðstöð menntunar og skólaþjónustu tekur ekki þóknun fyrir uppsetningu og útgáfu. Höfundur vann náíð með miðstöð menntunar og skólaþjónustu að uppsetningu og hönnun.

Mat á verkefninu

Nú er búið að gefa efnið út og er það aðgengilegt öllum. Það nær öllum settum markmiðum. Efnið telur 118 síður.

Efnið er aðgengilegt hér: <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/rettindasmidjan/>

Heildarupphæð styrks: 300.000 kr

Sundurliðun á ráðstöfun styrksins:

Dagsetning	Kostnaðarliður	Upphæð
2020-2024	Laun vegna þróunar, hönnunar og uppsetningar, yfir 40 klst	300.000 kr.
	SAMTALS:	300.000 kr.

22. nóvember 2024

dags. nafn verkefnisstjóra

Hanna Berg Jónsdóttir

H. Hanna F.

dags. nafn skólastjóra ábyrgðarskóla



Flataskóli
Garðabæ - Sími: 513-3500